

7. desember 2021



Frumvarp til fjárlaga 2022 Forsætisráðherra




Hlutdeild forsætisráðherra

- Málefнасvið 3: Æðsta stjórnarsýsla (allt málefнасviðið).
- Málefнасvið 6: Hagskýrslugerð og grunnskrár. Málefni Hagstofu Íslands.
- Málefнасvið 9: Almanna- og réttaröryggi. Embætti ríkislögmanns og óbyggðanefnd.
- Málefнасvið 29: Fjölskyldumál. Umboðsmaður barna.
- Málefнасvið 32: Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála. Málaflokkur 32.2 Jafnréttismál.

Málefнасvið 3 Æðsta stjórnsýsla

Helstu breytingar

Breytingar á ramma milli ára 2021 - 2022





Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

Málaflokkur 3.1. Embætti forseta Íslands

Helstu breytingar:

12.5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna forsetaritaraskipta fellur niður.



Málefнасvið 3 Æðsta stjórnsýsla

Málaflokkur 3.3. Forsætisráðuneyti

Helstu breytingar:

- **500 m.kr. Húsnæðismál Stjórnarráðsins.** Tímabundið fjárfestingarframlag vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið
- **99 m.kr. Bessastaðakirkja.** tímabundið fjárfestingarframlag vegna innri endurgerðar Bessastaðakirkju. Brýnt er orðið að ráðast í tæknilegar endurbætur á innviðum Bessastaðakirkju, sem er í eigu ríkissjóðs líkt og aðrar eignir á Bessastöðum. Áætlaður kostnaður vegna innri endurgerðar er 99 m.kr. árið 2022 og 129 m.kr. árið 2023, auk 30 m.kr. á árinu 2021 sem búið er að fjármagna eða alls 288 m.kr. á þriggja ára tímabili. og 30 m.kr. sem á eftir að fjármagna á árinu 2021,
- **15 m.kr. Styrking úrskurðanefndar um upplýsingamál.** Þörf er á að styrkja úrskurðanefnd um upplýsingamál í ljósi sívaxandi málafjölda. **Fjöldi mála var 84 árið 2017, 164 árið 2018, 218 árið 2019 og 268 árið 2020.**



Málefнасvið 3 Æðsta stjórnsýsla (frh.)

Málaflokkur 3.3. Forsætisráðuneyti

Helstu breytingar:

- **20 m.kr.** Almennt útgjaldasvigrúm, sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun nýtt til að viðhalda starfsemi ráðuneytisins í ljósi aðhalds undangenginna ára. Frá og með fjárlögum ársins 2019 og til og með því frumvarpi sem hér er rætt nemur aðhaldskrafa málaflokksins forsætisráðuneyti 108 m.kr.
- **45 m.kr.** Verkefni í tengslum við nýjan stjórnarsáttmála. Lögð er áhersla á samhæfingu á sviði loftlagsmála og verkefni sjálfbærrar þróunar.
- **20 m.kr.** Tímabundinn kostnaður vegna endurskoðunar á skipulagi ráðuneytisins. Litið er til þess að bæta vinnulag m.a. með hliðsjón af breytingum á húsnæðismálum ráðuneytisins með tilkomu nýbyggingar sem eykur möguleika á teymisvinnu og með breytingum á skipan Stjórnarráðsins.
- **15 m.kr.** tímabundið framlag sem veitt var í fjögur ár vegna stjórnarskrárnefndar fellur niður.



Málefnasvið 6 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Málefni Hagstofu Íslands

Helstu breytingar:

50 m.kr. svigrúm sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun (því er ekki um breytingar frá samþykktri fjármálaáætlun að ræða) nýtt til þess að styrkja tölfræði er viðkemur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, velsældarvísunum, eftirfylgd með samþykkt ríkisstjórnar um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar sem og öðrum áherslumálum ríkisstjórnarinnar.



Málefnasvið 9 Almanna- og réttaröryggi

Embætti ríkislögmans, óbyggðanefnd

Helstu breytingar:

- **81 m.kr. styrking á embætti ríkislögmans.** Vegna varanlegrar aukningar á álagi hjá embætti ríkislögmans er rík þörf á að styrkja embættið. Mikil fjölgun mála hefur verið hjá embættinu undanfarin ár, m.a. vegna flutnings fyrirsvars fyrir Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) til embættisins, tilkomu Landsréttar og breyttra verkferla innan réttarkerfisins. Mál fyrir MDE eru jafnan umfangsmikil og tímafrek. Málin voru 4 á árinu 2016 en 19 árið 2020. Þá hefur heildarmálafjöldi embættisins aukist úr 281 málum árið 2007 í 727 mál árið 2020. Embættið er ekki í færum til þess að hafna innkomnum verkefnum.
- Engar breytingar eru á fjárveitingum til óbyggðnefndar utan tæknilegra breytinga.



Málefnasvið 29 Fjölskyldumál

Umboðsmaður barna

Helstu breytingar:

Engar breytingar umfram launa- og verðlagsuppfærslu og aðrar tæknilegar útfærslur.



Málefnasvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Málaflokkur 32.2 Jafnréttismál

Helstu breytingar:

Engar verulegar breytingar umfram launa- og verðlagsuppfærslu og aðrar tæknilegar útfærslu.



Breytingar í samræmi við forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands

Við þriðju umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2022 eru áform um að eftirfarandi breytingar á verkefnum verði útfærðar í samræmi við forsetaúrskurð dagsettan 28. nóvember sl.

- *Embætti umboðsmanns barna* flytur frá forsætisráðherra til mennta- og barnamálaráðherra.
- Stjórnarmálefnið *framfylgd laga og reglna um undirbúning stjórnarfrumvarpa* (yfirlestur og gæðarýni lagafrumvarpa) flytur frá forsætisráðherra til innanríkisráðherra.
- Stjórnarmálefnið *mannréttindi og mannréttindasáttmálar* flytur frá innanríkisráðherra til forsætisráðherra.

Þá mun þurfa að bæta 56,3 m.kr. fjárveitingu við fjárlagalið 01-301-101 Ríkisstjórn vegna fjölgunar ráðherra og aðstoðarmanna.